



VIÐHORF TIL MENNTUNAR OG NÁMSÞARFIR Á AUSTURLANDI

KATRÍN MARÍA MAGNÚSDÓTTIR OG SVEINBJÖRN JÓNASSON

ÁGÚST 2010

Ágúst 2010

Þekkingarnet Austurlands

Forsíðumyndir:

Þekkingarnet Austurlands

Ábyrgð:

Katrín María Magnúsdóttir

Ritstjórn/framkvæmd:

Þekkingarnet Austurlands

-

--Sveinbjörn Jónasson

EFNISYFIRLIT

FORMÁLI	4
MEGINMÁL	5
INNGANGUR	5
Könnun á viðhorfi fjarnema til Þekkingarnets Austurlands	7
2. Markmið, gögn og aðferðir	7
3. Niðurstöður	8
4. Samantekt	19
Könnun á viðhorfi forstöðumanna fyrirtækja til Þekkingarnets Austurlands	21
2. Markmið, gögn og aðferðir	21
3. Niðurstöður	22
4. Samantekt	36
Könnun á þörf fyrir menntun og fræðslu á Austurlandi	38
2. Markmið, gögn og aðferðir	38
3. Niðurstöður	40
4. Samantekt	48
LOKAORÐ	50
VIÐAUKAR – SPURNINGALISTAR	51
1. Könnun á viðhorfi fjarnema til Þekkingarnets Austurlands	51
2. Könnun á viðhorfi forstöðumanna fyrirtækja til Þekkingarnets Austurlands	54
3. Könnun á þörf fyrir menntun og fræðslu á Austurlandi	58

FORMÁLI

Þessi skýrsla er gefin út í tengslum við stefnumótun og almennt mat á árangri af rekstri og starfsemi þekkingarnets Austurlands (ÞNA) samanber samningur við Mennta- og menningarmálaráðuneytið og lónaðarráðuneytið um starfsemina 2006-2010. Í áætlun sem Mennta- og menningarmálaráðuneytið gerði um stofnun og starfsemi ÞNA í nóvember 2005 er ritað:

Mikilvægt er að þekkingarnet Austurlands leggi rækt við rannsóknaviðfangsefni sem eru fyrir hendi á Austurlandi og skapa landshlutanum sérstöðu og lúta að betri nýtingu margvíslegra auðlinda sem þar eru fyrir hendi. ÞNA þarf að byggja upp eigin sérstöðu sérstaklega hvað varðar viðfangsefni rannsókna og háskólakennslu auk þess að mæta þörfum samfélagsins með auknu framboði á háskólanámi og símenntun.

Meginmarkmið með starfsemi ÞNA er að efla og styðja við háskólanám á Austurlandi, móta stefnu og byggja upp símenntun á Austurlandi í samstarfi við atvinnulífið auk þess að styðja við rannsóknir með stuðningi við framhaldsnám og þekkingarstarfsemi háskóla, stofnanna og fyrirtækja.

Í skýrslunni eru teknar saman niðurstöður úr þremur könnunum sem gerðar voru á menntaþörfum og viðhorfum helstu hagsmunaaðila til starfsemi ÞNA þ.e. könnun á þörfum íbúa fyrir menntun og viðhorfum fyrirtækja og fjarnema til þjónustu ÞNA. Auk kannanna lágu fyrir viðtöl við sveitarstjórnarmenn varðandi starfsemi ÞNA, samhliða því að unnið var að stefnumótun ÞNA í stjórn og meðal starfsmanna.

Niðurstöður kannananna draga fram mikilvægar upplýsingar sem notaðar verða til að þróa starfsemina frekar og móta nýja stefnu í tengslum við endurskoðun á samningum stofnunarinnar við ríkisvaldið.

Stefanía G. Kristinsdóttir, framkvæmdastjóri

MEGINMÁL

1. Inngangur

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum þriggja kannanna á viðhorfum Austfirðinga til þjónustu Þekkingarnets Austurlands og þörfum þeirra fyrir menntun og fræðslu. Kannanirnar voru í þremur hlutum.

1. Könnun á viðhorfum fjarnema í háskólanámi til þjónustu Þekkingarnets Austurlands.

Könnunin var gerð í lok júní og byrjun júlí 2010 og fór þannig fram að rafræn, nafnlaus könnun var send á netföng 189 fjarnema við Þekkingarnet Austurlands þar sem spurt var um kyn, aldur, hvaða starfsstöðvar þeir hefðu nýtt sér, hvernig þeir nýttu sér þær, hversu ánægðir þeir voru og fleira.

2. Könnun á viðhorfum forstöðumanna fyrirtækja á Austurlandi til þjónustu Þekkingarnets Austurlands.

Könnunin var gerð í lok júní og byrjun júlí 2010 og fór þannig fram að rafræn, nafnlaus könnun var send á netföng um 100 fyrirtækja á Austurlandi þar sem forsvarsmenn voru spurðir um kyn, aldur, menntunarpörf innan fyrirtækisins, hvort þau höfðu nýtt sér þjónustu Þekkingarnetsins, hvernig þau hefðu nýtt hana, hversu ánægðir þau voru og fleira.

3. Könnun sem lögð var fyrir íbúa í öllum sveitarfélögum Austurlands á þörf fyrir menntun og fræðslu.

Kannanirnar voru gerðar frá hausti 2007 til júní 2010 og fóru þannig fram að gerð var símakönnun á meðal íbúa sveitarfélaga á Austurlandi m.a. um viðhorf þeirra og áhuga á menntun. Einnig var spurt um núverandi menntun, starf, aldur, búsetu og fleira.

Höfundar skýrslunnar eru Sveinbjörn Jónasson nemandi í viðskiptafræði við Háskóla Íslands og Katrín María Magnúsdóttir skrifstofustjóri Þekkingarnets Austurlands. Við úrvinnslu gagna og yfirlestur skýrslunnar komu aðrir starfsmenn ÞNA.

Þekkingarnet Austurlands er ábyrgðaraðili skýrslunnar.

Könnun á viðhorfi fjarnema til þekkingarnets Austurlands

2. Markmið, gögn og aðferðir

Markmið könnunarinnar er að sjá viðhorf fjarnema til þekkingarnets Austurlands með það í huga að bæta þjónustu við þá. Niðurstöður könnunarinnar verða notaðar af faghópum ÞNA til frekari stefnumótunar og af starfsfólki ÞNA til þess að koma betur til móts við mögulegar þarfir fjarnema.

Hér eftir verður gerð grein fyrir niðurstöðum könnunarinnar þar sem settar eru fram tölur og myndir sem ætlað er að varpa skýru ljósi á aðalatriði niðurstaðnanna.

Markhópur könnunarinnar voru fjarnemar á Austurlandi sem skráðir voru hjá þekkingarneti Austurlands. Svarendur eru á aldrinum 20 – 59 ára.


189 voru í úrtakinu, 149 konur og 40 karlar. 66 tóku þátt í könnunni eða 35% af úrtakinu. Af þessum 66 eru 11 karlar og 55 konur.

3. Niðurstöður


Hér á eftir verða raktar niðurstöður spurninga sem lagðar voru fyrir fjarnema. Spurningalistann má sjá í viðauka.

3.1. Einkenni svarenda hópsins


Af þeim 66 einstaklingum sem svara könnuninni eru 11 karlar og 55 konur eða 17% karlar á móti 83% konum.



Stærstur hluti svarenda er á aldrinum 30-39 ára eða 42%. 26% eru 40-49 ára, 24% eru 20-29 ára og 8% eru á aldrinum 50-59 ára. Enginn svaraði úr elsta aldurshópnum 60-69 ára.



Þegar skoðuð er aldursdreifing karla annars vegar og kvenna hins vegar kemur í ljós að svörun hópanna er nokkuð jöfn nema í yngsta aldurshópnum þar sem að mun stærra hlutfall kvenna en karla svarar.




Af þeim sem svara hafa allir nema einn nýtt sér þjónustu Þekkingarnetsins eða 65 af 66.

3.2. Hvaða starfsstöðvar hefurðu nýtt þér?

Sé skoðað hvaða starfsstöðvar þáttakendur hafa nýtt sér, sést að langflestir þátttakenda hafa nýtt sér þjónustu Þekkingarnets Austurlands á Egilsstöðum eða 48% þátttakenda. 23% hafa nýtt sér aðstöðuna á Reyðarfirði, 13% Höfn í Hornafirði, 9% í Neskaupsstað og 6% á Vopnafirði.

Hvaða starfsstöðvar hefurðu nýtt þér?




3.3. Hvar fréttirðu af Þekkingarneti Austurlands?

Þegar þátttakendur voru spurðir hvar þeir fréttu af Þekkingarnetinu svöruðu flestir að þeir hefðu frétt af því í gegnum bækling frá Þekkingarnetinu eða 33%. 27% höfðu fengið upplýsingar frá sínum háskóla, 15% í gegnum vini eða kunningja, 8% höfðu séð það í auglýsingu og 2% á internetinu. 15% höfðu frétt af því annars staðar frá og nefndu þátttakendur eftirfarandi.

- Aflaði mér upplýsinga sjálf
- Bæklingur, net og umræða
- Kynningarbæklingum, frá HB og af Internetinu
- Gegnum skólann vegna prófs
- Gegnum vinnuna
- Innan Alcoa frá fræðsluteymi
- Lítil bær, vitað af því frá upphafi
- Menntaskólanum á Egilsstöðum

Hvar fréttirðu af Þekkingarnetinu?




3.4. Hvaða þjónustu hefurðu nýtt þér hjá Þekkingarneti Austurlands og hvernig væri hægt að nýta hana betur?

Þegar spurt var hvaða þjónustu Þekkingarnetsins þátttakendur höfðu nýtt sér svöruðu margir fleiri en einum valmöguleika.

31% nefndu próftöku, 19% sögðust hafa nýtt sér vinnuaðstöðuna, 16% fjarfundir, 8% aðstoð vegna verkefnavinnu, 5% nefndu námsráðgjöf og 3% höfðu nýtt sér aðra þjónustu, þar af 3 námskeið og einn nefndi fyrirlestur frá Keili.


Hvaða þjónustu hefurðu nýtt þér?



Þátttakendur voru spurðir hvernig þeir teldu að hægt væri að nýta þjónustu Þekkingarnetsins betur. 22% aðspurðra nefndu aðgengi að aðstoðarkennara (t.d. dæmakennara) á Austurlandi. 21% nefndu að nota fjarfundarbúnað og komu kennara á staðinn. 14% nefndu markvissari svæðisbundin hópavinna, 12% sögðust ekki hafa áhuga og 13% nefndu annað.

Flestir völdu próftöku og fjarfundi saman eða 22 einstaklingar.

Hvernig væri hægt að nýta þjónustu Þekkingarnetsins betur?



Meðal hugmynda sem fólk nefndi í annað voru;

- Að hægt væri að panta fjarfundabúnað eins og t.d. við fræðslu hjá öðrum en háskólastofnunum
- Búa til mailgrúppu fyrir nemendur í sömu fögum
- Fleiri háskólar og fög
- Halda fundi hjá faghópum Stjórnvísis í fjarfundabúnaði þannig að meðlimir faghópanna á Austurlandi þurfi ekki að fara suður


- Hí sinni betur skyldum sínum gagnvart nemendum og starfsmönnum með betra og tímanlegra upplýsingaflæði
- Liðlegri þjónustuaðilar sem sjá um símamál og tengingar
- Nýta aðstöðu betur
- Vinnuaðstöðu einstaklinga á Reyðarfirði

3.5. Hversu ánægður ertu með aðbúnað og þjónustuna?

Þegar fjarnemar voru spurðir hvort þeir væru ánægðir með aðbúnað þekkingarnetsins kváðust 9 af hverjum 10 vera ánægðir.


Hinir sem kváðust ekki ánægðir fannst flestum aðstöðu til prófatöku vera ábótavant. Þeir nefndu að prófafriður hefði ekki verið nægur, önnur námskeið hefðu truflað einbeitingu sína á Neskaupsstað og stóri salurinn á Egilsstöðum væri of lokaður og loftlaus.

Ertu ánægð/ur með aðbúnað þekkingarnetsins?




Þegar þáttakendur voru spurðir hvort þeir væru ánægðir með þjónustu þekkingarnets Austurlands kom í ljós mikil ánægja. 92% sögðust mjög ánægðir eða ánægðir og 8% voru hlutlausir. Enginn var óánægður eða mjög óánægður.

Hversu ánægð/ur ertu með þjónustu Þekkingarnets Austurlands?




Sé skoðað hlutfall þeirra sem eru mjög ánægðir og hvaða starfsstöð þeir hafa notað kemur í ljós að fjarnemar sem nýtt hafa aðstöðuna í Neskaupsstað, á Egilsstöðum og á Höfn virðast sínu ánægðastir, eða 7 af hverjum 10. Fjarnemar við Reyðarfjörð og Vopnafjörð eru mjög ánægðir líka þó í ögn minna mæli.

Hlutfall mjög ánægðra miðað við starfsstöð




Ef litið er á hlutfall mjög ánægðra miðað við aldur sést að elsti aldurshópurinn er ánægðastur. Allir þáttakenda á aldrinum 50-59 ára kváðust mjög ánægðir með þjónustuna. 30-39 ára koma þar á eftir með 71% og 20-29 ára með 63%. Í aldursflokknum 40-49 ára var lægst hlutfall mjög ánægðra eða 41%.

Hlutfall mjög ánægðra miðað við aldur



Ef skoðað er hlutfall mjög ánægðra miðað við þjónustuna sem þeir nýta sér má sjá að $\frac{3}{4}$ af þeim sem nýttu sér fjarfundi voru mjög ánægðir. Eins voru þeir sem nýttu sér próftöku, vinnuaðstöðuna og aðstoð vegna verkefnavinnu mjög ánægðir. Þeir sem höfðu nýtt sér námsráðgjöf eða aðra þjónustu voru einnig ánægðir en í minna mæli eða í 33% og 40% tilfella.


Hlutfall mjög ánægðra miðað við þjónustu



3.6. Hversu sýnilegt finnst þér Þekkingarnet Austurlands vera?


Þegar spurt var hversu sýnilegt fjarnemum þætti Þekkingarnet Austurlands vera sögðu 77% það vera mjög eða frekar sýnilegt, 17% voru hlutlausir og 6% fannst það frekar lítið sýnilegt. Engum fannst Þekkingarnet Austurlands mjög lítið sýnilegt.

Hversu sýnilegt finnst þér Þekkingarnet Austurlands vera?



Þegar horft er til hlutfalls þeirra sem þykir Þekkingarnetið mjög sýnilegt og starfsstöðvarinnar sem þau hafa nýtt sér má sjá að í Neskaupsstað eru fjarnemar mjög meðvitaðir um Þekkingarnet Austurlands eða 43% þáttakenda. 20% sem höfðu nýtt sér starfsstöðvarnar á Höfn og á Egilsstöðum fannst Þekkingarnetið mjög sýnilegt. 11% þeirra sem höfðu nýtt sér starfsstöðina á Reyðarfirði og enginn af þeim sem höfðu nýtt sér starfsstöðina á Vopnafirði fannst Þekkingarnetið mjög sýnilegt.


Hlutfall þeirra sem finnst mjög sýnilegt miðað við starfsstöð



3.7. Hversu mikilvæg er starfsemi þekkingarnets Austurlands til að þú getir stundað nám?


Fjarnemar voru því næst spurðir hversu mikilvægt þekkingarnet Austurlands væri til að þeir gætu stundað nám. 87% sögðu það mjög eða frekar mikilvægt fyrir sig. 11% voru hlutlausir og 3% töldu það ekki mikilvægt.

Hversu mikilvæga telur þú starfsemi þekkingarnets Austurlands til að þú getir stundað nám?



Þegar litið er á mikilvægi starfseminnar miðað við aldur sést að starfsemin er mikilvægari fyrir þá eldri en yngri. 80% fólks í aldurshópnum 50-59 ára segir starfsemina mjög mikilvæga til að þau geti stundað nám á mótí 44% í aldurshópnum 20-29 ára. Því eldri sem þátttakendur voru, því mikilvægari var þeim starfsemin.


Þeir sem telja starfsemina mjög mikilvæga fyrir sig miðað við aldur



3.8. Hversu líklegt telurðu að þú munir nýta þér þjónustuna síðar?

Þátttakendur voru spurðir hversu líklegt þeir teldu að þeir myndu nýta sér þjónustuna aftur. 91% sögðu það frekar eða mjög líklegt.

Hversu líklegt telurðu að þú munir nýta þér þjónustuna síðar?



4. Samantekt

189 fjarnemar voru í úrtaki fyrir þessa könnun og tóku 66 þeirra þátt. Þátttakendur voru á aldrinum 20-59 ára og áttu það sameiginlegt að hafa verið skráðir fjarnemar frá háskólum á Íslandi hjá Þekkingarneti Austurlands á árinu 2010. 83% þátttakenda voru konur eða 55 á móti 11 körlum. Stærstur hluti svarenda er á aldrinum 30-39 ára eða 42%. 26% eru 40-49 ára, 24% eru 20-29 ára og 8% eru á aldrinum 50-59 ára. Engin svaraði úr elsta aldurshópnum 60-69 ára.

Flestir þáttakenda höfðu nýtt sér aðstöðu Þekkingarnets Austurlands á Egilsstöðum eða 48%. 23% höfðu nýtt sér Reyðarfjörð, 13% Höfn í Hornafirði, 9% Neskaupsstað og 6% Vopnafjörð.

Flestir höfðu frétt af Þekkingarnetinu í gegnum bækling frá því eða þriðjungur þáttakenda, ögn færri höfðu frétt af því í gegnum háskólann sinn.

Þegar fjarnemar voru spurðir hvaða þjónustu Þekkingarnetsins þeir hefðu nýtt sér nefndu flestir próftöku eða 31%. 19% höfðu nýtt sér vinnuaðstöðuna og 16% fjarfundi.

Þáttakendur voru spurðir hvernig hægt væri að nýta þjónustuna betur. Flestir töldu að aðgengi að aðstoðarkennara(t.d. dæmakennara) á Austurlandi, notkun fjarfundarbúnaðs og koma kennara á staðinn myndi nýtast best.

Mikil ánægja var með aðbúnað og þjónustu Þekkingarnetsins. 9 af hverjum 10 voru ánægðir með aðbúnaðinn og 92% kváðust ánægðir eða mjög ánægðir með þjónustuna. Þegar skoðaðir voru þeir sem voru mjög ánægðir reyndist hæsta hlutfall þeirra hafa nýtt sér starfsstöðvarnar á Neskaupsstað, Egilsstöðum og Höfn. Færri af þeim sem höfðu nýtt sér Vopnafjörð og Reyðarfjörð voru mjög ánægðir.

Áhugavert var að allir þátttakendur í elsta aldurshópnum voru mjög ánægðir. 71% þáttakenda í 30-39 ára aldurshópnum voru mjög ánægðir, 63% í 20-29 ára og fæstir eða 41% þáttakenda í aldurshópnum 40-49 ára voru mjög ánægðir.

Sé hlutfall mjög ánægðra skoðað miðað við þjónustuna sem fjarnemarnir höfðu nýtt sér sást að þeir sem höfðu nýtt sér fjarfundina, vinnuaðstöðuna, próftökuna og aðstoð vegna verkefnavinnu voru töluvert ánægðari en þeir sem höfðu nýtt sér námsráðgjöfina og aðra þjónustu.

Ef hlutfall þeirra sem fannst þekkingarnet Austurlands mjög sýnilegt var skoðað miðað við starfsstöð sást að þeir sem höfðu nýtt sér starfsstöðina á Neskaupsstað fannst þekkingarnetið mest sýnilegt eða 40%. 1/5 þeirra sem höfðu nýtt sér Höfn eða Egilsstaði fannst það mjög sýnilegt. Færri við Vopnafjörð og Reyðarfjörð.

Áhugavert var að sjá að því eldri sem fjarnemarnir voru því mikilvægari var starfsemin þeim. 80% þáttakenda í aldurshópnum 50-59 ára þótti starfsemin mjög mikilvæg á móti 44% í yngsta aldurshópnum.

91% þáttakenda þótti frekar eða mjög líklegt að þeir myndu nýta sér þjónustuna síðar.

Könnun á viðhorfi forstöðumanna fyrirtækja til Þekkingarnets Austurlands

2. Markmið, gögn og aðferðir

Markmið könnunarinnar er að kanna viðhorf og þarfir fyrirtækja á Austurlandi gagnvart Þekkingarneti Austurlands með það í huga að bæta þjónustu við þau. Niðurstöður könnunarinnar verða notaðar af faghópum símenntunar og háskólanáms ÞNA til frekari stefnumótunar og af starfsfólki ÞNA til þess að koma betur til móts við mögulegar þarfir fyrirtækja.

Hér eftir verður gerð grein fyrir niðurstöðum könnunarinnar þar sem settar eru fram tölur og myndir sem ætlað er að varpa skýru ljósi á aðalatriði niðurstaðnanna.

Markhópur könnunarinnar voru forstöðumenn fyrirtækja á Austurlandi. Svarendur eru á aldrinum 20 – 69 ára.


Um 100 fyrirtæki voru í úrtakinu. 31 tóku þátt í könnuninni eða 31% af úrtakinu, 18 karlar og 13 konur.

3. Niðurstöður


Hér á eftir verða raktar niðurstöður spurninga sem lagðar voru fyrir forsvarsmenn fyrirtækja. Spurningalistann má sjá í viðauka.

3.1. Einkenni svarenda hópsins

Af þeim 31 einstakling sem svaraði könnuninni eru 18 karlar og 13 konur eða 58% á móti 42%.




Stærstur hluti svarenda er á aldrinum 50-59 ára eða 39%. 26% eru á aldrinum 40-49 ára, 23% á aldrinum 30-39 ára, 10% í elsta aldurshópnum 60-69 ára og 3% í þeim yngsta 20-29 ára.



Aldursdreifing miðað við kyn er mjög jöfn. Þó er enginn karl í yngsta aldurshópnum en ein kona.


3.2. Hvaða námi hefur þú lokið?

Þegar forsvarsmenn fyrirtækja voru spurðir hvaða námi þeir hefðu lokið mátti sjá að flestir höfðu lokið háskólanámi(29%) eða iðnnámi(23%). 13% höfðu lokið grunnskólaprófi, 13% höfðu lokið meistara- doktorsnámi, 10% styttra framhaldsskólaprófi eða öðru námi og 3% höfðu lokið styttra háskólanámi.



3.3. Hvaða starfsgrein er þitt fyrirtæki?


Flest fyrirtækjanna sem tóku þátt voru í verslunar/þjónustugreinum (23%) eða iðnaðar, landbúnaðar og verktaka greinum (23%). 16% voru í stjórnunar eða skrifstofustörfum, 10% í heilbrigðis og umönnunargreinum og 6% í tækni-/sérfræðistörfum eða sjómennsku/fiskvinnslustörfum. 13% nefndu svo aðrar greinar.



3.4. Hvar telur þú þitt fyrirtæki geti sótt fagmenntun og símenntun fyrir starfsfólkið?

Forsvarsmenn fyrirtækja voru spurðir hvar þeir teldu að sitt fyrirtæki gæti sótt fagmenntun og símenntun fyrir starfsmenn sína. Flestir nefndu Þekkingarnet Austurlands (27%), 24% nefndu fjarnám á háskólastigi, 16% nefndu fjarnám á framhaldsskólstigi, 12% Endurmenntun Háskóla Íslands og 10% í framhaldsskóla á svæðinu. Tveir einstaklingar sögðu það ekki mögulegt, einn vissi ekki hvert og fjórir annað, þar á meðal landbúnaðarskóla, námskeið á vegum íþróttahreyfingarinnar og vélvirkjanám.


Hvar telur þú að þitt fyrirtæki geti sótt fagmenntun og símenntun fyrir starfsfólkið?



3.5. Hefur fyrirtæki þitt átt samstarf við Þekkingarnet Austurlands um námskeið síðastliðin 2 ár?

7 af 31 sögðu að fyrirtæki þeirra hefðu átt samstarf við Þekkingarnet Austurlands um námskeið síðastliðin 2 ár. Meðal námskeiða sem voru nefnd voru; félagsmálakennsla, tungumálakennsla, Fagnámskeið fyrir starfsfólk í heilbrigðisþjónustu og tveir nefndu Færni í ferðaþjónustu.


Hefur fyrirtæki þitt átt samstarf við Þekkingarnet Austurlands um námskeið síðastliðin tvö ár?



3.6. Hefur fyrirtæki þitt fræðslustefnu?

Þegar forsvarsmenn fyrirtækja voru spurðir hvort fyrirtæki þeirra hefði fræðslustefnu svöruðu 6 af 31 því játandi.

Hefur fyrirtæki þitt fræðslustefnu?




3.6.1. Ef já, hvaða?

Meðal svara voru faglærðir yfirmenn, námskeiðahald frá bankanum, fjarfundir og námskeið í fjarfundabúnaði, símenntun, boðið var upp á félagsmálafræðslu, stefnt var að bæta fræðslu fyrir dómara í ýmsum íþróttagreinum og fleiri svör þar sem starfsmönnum var boðið upp á að auka færni í starfi með námskeiðum.

3.7. Hversu ánægð/ur ertu með starfsemi þekkingarnets Austurlands?


Forsvarsmenn fyrirtækja á Austurlandi voru ánægðir með starfsemi þekkingarnets Austurlands, 54% kváðust ánægðir eða mjög ánægðir. Allir þátttakendur voru spurðir þessarar spurningar, ekki einungis þeir sem höfðu nýtt sér þjónustuna.

Hversu ánægð/ur ertu með starfsemi þekkingarnets Austurlands?




Þó heilt yfir séu flestir ánægðir með starfsemi þekkingarnets Austurlands má sjá að konur eru öllu ánægðari ef litið er á hlutfall mjög ánægðra og ánægðra miðað við kyn.

Hlutfall mjög ánægðra og ánægðra miðað við kyn



Sé lítið á þá sem eru ánægðir eða mjög ánægðir miðað við starfsgrein svarenda má sjá að síst var ánægjan í verslunar/þjónustugreinum og sjómennsku/ fiskvinnslu.

Hafa verður í huga að marktækni er takmörkuð þar sem fáir úr hverri starfsgrein svöruðu.




3.8. Hversu sýnilegt finnst þér Þekkingarnet Austurlands?

61% forsvarsmanna þykir Þekkingarnet Austurlands mjög sýnilegt eða sýnilegt, 26% kváðust hlutlausir og 13% sögðu það lítið eða mjög lítið sýnilegt.

Körlum þótti Þekkingarnetið minna sýnilegt og 88% af þeim sem svöruðu hlutlaus voru karlmenn.


Hversu sýnilegt finnst þér þekkingarnet Austurlands?



3.9. Hversu ánægð/ur ertu með námsframboð frá þekkingarnetinu?


42% kváðust mjög ánægðir eða ánægðir með námsframboðið. 55% voru hlutlausir og einungis 3% óánægðir. 71% þeirra sem voru hlutlausir voru karlmenn

Hversu ánægð/ur ertu með námsframboð frá þekkingarnetinu?




Séu ánægðir og mjög ánægðir skoðaðir með tilliti til starfsgreina má sjá að síst er ánægjan í sjómennsku/fiskvinnslu-, verslun / þjónustu-, iðnað/landbúnað/verktaka- og heilbrigðisgreinum.

Ánægðir og mjög ánægðir með námsframboð miðað við starfsgrein



Sé lítið á hlutfall ánægðra og mjög ánægðra miðað við kyn má sjá að mun stærra hlutfall kvenna er ánægt með námsframboð frá Þekkingarnetinu en karla. 62% kvenna eru ánægðar eða mjög ánægðar með námsframboð móti 28% karla.


Ánægðir með námsframboð miðað við kyn



Þegar litið er á hlutfall ánægðra eða mjög ánægðra með námsframboð miðað við aldur má helst sjá að enginn úr elsta aldurshópnum var ánægður eða mjög ánægður með framboðið.

Í hópi 20-29 ára var eins og áður sagði einungis einn þátttakandi og aðrir aldurshópar voru nokkuð jafnir.


Ánægja með námsframboð miðað við aldur



3.10. Hversu vel hefur þjónusta Þekkingarnetsins nýst þér?

Þegar forsvarsmenn voru spurðir hversu vel þjónusta Þekkingarnetsins hefði nýst þeim mátti sjá að 39% af þeim sem höfðu nýtt sér Þekkingarnetið sögðu þjónustuna hafa nýst sér vel eða mjög vel, 26% höfðu ekki nýtt sér þjónustuna.


Hversu vel hefur þjónusta þekkingarnetsins nýst þér?



3.11. Hversu mikilvægt er þekkingarnetið fyrir samfélagið í þínu sveitarfélagi?


Þátttakendur voru mjög sammála um að þekkingarnetið væri mikilvægt samfélaginu. 90% sögðu það mjög mikilvægt eða mikilvægt. 10% voru hlutlausir.

Hversu mikilvægt er þekkingarnetið fyrir samfélagið í þínu sveitarfélagi?



Sé skoðað hlutfall þeirra sem finnst þekkingarnetið mjög mikilvægt og aldursdreifingu þeirra má sjá að aldurshóparnir 40-49 ára og 50-59 ára þykir þekkingarnetið mikilvægast fyrir samfélagið eða 63% og 50% þáttakenda í þeim aldurshópum sem sögðu það mjög mikilvægt.


Mjög mikilvægt miðað við aldur



3.12. Er innan þíns fyrirtækis aðstaða eða mannauður sem hægt væri að nýta til kennslu?

Þegar forsvarsmenn voru spurðir hvort innan þeirra fyrirtækis væri aðstaða eða mannauður sem að með einhverju móti væri hægt að nýta til kennslu svöruðu 42% játandi.

Er innan þíns fyrirtækis aðstaða eða mannauður sem hægt væri að nýta til kennslu?




Þegar spurt var hvernig aðstaða og mannauður gæti nýst voru meðal svara:

- Allt háskólamenntaðir einstaklingar á sérhæfðu sviði
- Á allan hátt, mannlega þáttinn og faglega.
- Ferðaþjónusta, heilsa og lífstíll. Stjórnun
- Háskólamenntað fólk, með grunnmenntun BSc og MA á sviði sem ekki er algeng á svæðinu. Gætu tvímælalaust kennt á margskonar námskeiðum.
- Hugsanleg aðstaða til kennslu
- Margir fagmenn með mikla reynslu
- Með námskeiðahaldi
- Reiðkennslu
- Salur og verkleg kennsla
- Samstarf við ÞNA um félagsmálafræðslu
- Við skipulag bókhalds fyrirtækja og einyrkja
- Þjónusta við ferðamenn og leiðsögn

3.13. Hvaða menntun vantar helst í þínu fyrirtæki?

Að lokum voru forsvarsmenn spurðir hvaða menntun þeir teldu að vantaði helst í þeirra fyrirtæki. Flestir nefndu iðnmenntun (21%) og tölvumenntun (19%). 14% nefndu símenntun á háskólastigi og stjórnunar eða viðskiptamenntun. 9% tungumálamenntun, 7% grunnnám á framhaldsskólastigi og einn nefndi háskólamenntun. 14% nefndu aðra menntun svo sem endurmenntun sjómanna, menntun fjallaleiðsögumanna á jöklum og vetrarakstri, markaðsstarfi, verkefnastjórnun og þróun viðskiptasambanda svo eitthvað sé nefnt.

Hvaða menntun vantar helst í þínu fyrirtæki?



4. Samantekt

100 forsvarsmenn fyrirtækja voru í úrtaki fyrir þessa könnun og tóku 31 þeirra þátt. Þátttakendur voru á aldrinum 20-69 ára. 58% þátttakenda voru karlar eða 18 karlar á móti 13 konum. Stærstur hluti svarenda er á aldrinum 50-59 ára eða 39%.

Þátttakendur voru spurðir hvaða námi þeir hefðu lokið og höfðu flestir lokið háskólanámi (29%) eða iðnnámi(23%). Þegar spurt var í hvaða starfsgrein fyrirtæki þeirra væru í kom í ljós að flest voru í verslun/þjónustu (23%) og iðnaði/landbúnaði og verktakagreinum (23%).

Forsvarsmenn töldu sig í flestum tilfellum geta sótt sér fag- og símenntun til Þekkingarnets Austurlands (27%) eða í fjarnámi á háskólastigi (24%). Fæstir nefndu framhaldsskóla á svæðinu (10%) og Endurmenntun Háskóla Íslands (12%).

23% fyrirtækja höfðu átt samstarf við Þekkingarnet Austurlands um námskeið á síðastliðnum 2 árum og 13% fyrirtækja höfðu fræðslustefnu.

54% forsvarsmanna fyrirtækja á Austurlandi sögðust ánægðir eða mjög ánægðir með starfsemi ÞNA. 69% kvenna og 44% karla sem svöruðu voru mjög ánægð eða ánægð. Ánægja milli starfsgreina var nokkuð jöfn en þó virtist sem hún væri síst í verslun/þjónustugreinum og sjómennsku/fiskvinnslugreinum.

61% forsvarsmanna sögðu Þekkingarnetið mjög sýnilegt eða sýnilegt.

42% þátttakenda kváðust mjög ánægðir eða ánægðir með námsframboðið og 55% voru hlutlausir. Séu ánægðir skoðaðir með tilliti til starfsgreina sést að síst er ánægja með námsframboð í sjómennsku/fiskvinnslugreinum og verslun/þjónustugreinum. Konur

eru mun ánægðari með námsframboð en karlar en 62% kvenna móti 28% karla kváðust mjög ánægð eða ánægð.

39% af þeim sem hafði nýtt sér þjónustuna sögðu hana hafa nýst vel eða mjög vel. 26% höfðu ekki nýtt sér þjónustu Þekkingarnets Austurlands. 90% sögðu Þekkingarnetið mjög eða frekar mikilvægt fyrir samfélagið í þeirra sveitarfélagi.

42% töldu að innan síns fyrirtækis væri aðstaða eða mannauður sem hægt væri að nýta til kennslu og þegar spurt var um hvaða menntun vantaði helst í þeirra fyrirtæki svöruðu flestir iðnmenntun(21%) og tölvumenntun (19%).

Könnun á þörf fyrir menntun og fræðslu á Austurlandi

2. Markmið, gögn og aðferðir

Markmið könnunarinnar er að leiða í ljós þörf fyrir menntun og fræðslu meðal almennings á Austurlandi. Niðurstöður könnunarinnar verða notaðar af faghópi símenntunar ÞNA til frekari stefnumótunar og af starfsfólki ÞNA til þess að koma betur til móts við mögulegar þarfir íbúa Austurlands á símenntun og annarri menntun.

Spurningalistar voru eins milli sveitarfélaga. Skjólstæðingar Starfsendurhæfingar Austurlands, nemendur í Menntaskólanum á Egilsstöðum og stúlkur úr meistaraflokki Hattar í knattspyrnu sáu um að hringja út kannanirnar.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir niðurstöðum kannana allra sveitarfélaganna þar sem settar eru fram tölur og myndir sem ætlað er að varpa skýru ljósi á aðalatriði niðurstaðnanna.

Markhópur könnunarinnar voru íbúar á Austurlandi af báðum kynjum, á þeim aldri sem nýta sér fagmenntun og símenntun af einhverju tagi. Ákveðið var að úrtakið yrði fólk á aldrinum 20 – 68 ára.

Alls tóku 778 einstaklingar þátt í könnuninni eða 10% íbúa Austurlands á þessum aldri. Af þessum 778 svarendum eru 425 karlar og 353 konur.

2.2. Lykiltölur

Þann 1. desember 2009 bjuggu 12.451 íbúi á Austurlandi.

Ef eingöngu er tekinn aldurshópurinn 20-68 ára þá voru íbúar á Austurlandi í þeim aldurshópi 7.780, 4.188 karlar og 3.592 konur.

3. Niðurstöður


Hér á eftir verða raktar niðurstöður spurninga sem lagðar voru fyrir Austfirðinga. Spurningalistann má sjá í viðauka.

3.1. Einkenni svarenda hópsins

Í 9 sveitarfélögum á Austurlandi svöruðu á bilinu 10 – 225 einstaklingar könnuninni. Einstaklingarnir voru á aldrinum 20-68 ára.

Af þeim 778 þátttakendum í könnununum voru 353 konur og 425 karlar. Eða 45% konur og 55% karlar. Þetta er mjög nálægt raunverulegu kynjahlutfalli íbúa Austurlands 20-68 ára þar sem eru 54% karlar á móti 46% konum.

Svörun eftir kyni




3.2. Hvaða námi hefur þú lokið?

Þegar þátttakendur sveitarfélaga á Austurlandi voru spurðir hvaða námi þeir hefðu lokið komu minni sveitarfélögin verr út. Stórt hlutfall Borgfirðinga (50%), Fljótsdælinga(46%) og Breiðdælinga(40%) höfðu einungis lokið grunnskólaprófi. Vopnfirðingar (37%) og Djúfavogsbúar (35%) komu þar á eftir.

Seyðfirðingar komu best út í þessum hluta kannanirnar. 78% Seyðfirðinga hefur lokið lengra námi en grunnskólaprófi og er það athyglivert fyrir þær sakir að hvorki framhaldsskóli né starfsstöð þekkingarnets er starfrækt þar. 75% íbúa Fljótsdalshéraðs hefur lokið lengra námi en grunnskólaprófi og 72% íbúa Fjarðabyggðar.

Til viðmiðunar má vísa í tölur frá Hagstofu Íslands um menntunarstig vinnuafls á Íslandi 2008 (16-74 ára) þar sem fram kemur að 35% hafa grunnmenntun.


Hlutfall einungis lokið grunnskólanámi



Séu þeir skoðaðir sem hafa lokið háskólanámi af einhverju tagi er Seyðisfjörður hæstur með 32% þátttakenda, Fljótsdalshérað (28%) og Höfn (27%) koma þar á eftir.

Minni sveitarfélög koma áberandi verr út. Í Borgarfirði og Fljótsdalshrepp höfðu einungis 8% og 9% þátttakenda lokið háskólanámi. Í Djúpavogi og Fjarðabyggð var eins tiltörlega lágt hlutfall háskólamenntaðra miðað við landsmeðaltal sem er 27%. Einungis Seyðisfjörður, Fljótsdalshérað og Höfn í Hornafirði náðu því meðaltali.

Lokið háskólanámi



3.3. Hvar telur þú þig geta sótt þér fagmenntun og símenntun?

Sé litið á hvar þátttakendur töldu sig geta sótt sér fagmenntun og símenntun og svör þeirra borin saman milli sveitarfélaga má sjá mjög ólík svör. Í tveimur sveitarfélögum varð Endurmenntun Háskóla Íslands, fjarnám á framhaldskólastigi, fjarnám á háskólastigi og þekkingarnet Austurlands oftast fyrir valinu og á Höfn varð framhaldsskóli á Austurlandi oftast fyrir valinu.

Alls staðar þar sem þekkingarnet Austurlands er með starfsstöð var það eitt af þremur sem oftast voru nefndir nema á Vopnafirði.

Sveitarfélag	1	2	3
Borgarfjörður	Endurmenntun Háskóla Íslands	Framhaldsskóla á Austurlandi	Fjarnám á Háskólastigi
Breiðdalshreppur	Fjarnám á framhaldsskóla stigi	Fjarnám á Háskólastigi	Framhaldsskóla á Austurlandi
Djúpavogshreppur	Fjarnám á framhaldsskóla stigi	Fjarnám á Háskólastigi	Framhaldsskóla á Austurlandi
Fjarðabyggð	Fjarnám á Háskólastigi	Þekkingarnet Austurlands	Fjarnám á framhaldsskóla-stigi
Fljótsdalshérað	Þekkingarnet Austurlands	Fjarnám á háskólastigi	Endurmenntun Háskóla Íslands
Fljótsdalshreppur	Þekkingarnet Austurlands	Fjarnám á háskólastigi	Fjarnám á framhaldsskóla-stigi
Höfn	Framhalds-skóla á Austurlandi	Þekkingarnet Austurlands	Fjarnám á framhaldsskóla-stigi
Seyðisfjörður	Endurmenntun Háskóla Íslands	Fjarnám á Háskólastigi	Fjarnám á framhaldsskóla-stigi
Vopnafjörður	Fjarnám á háskólastigi	Fjarnám á framhaldsskóla-stigi	Framhaldsskóla á Austurlandi


3.4. Viðhorf til aðgengis að menntun og fræðslu í sveitarfélögunum

Þegar íbúar sveitarfélaganna voru spurðir út í aðgengi að menntun í sínu sveitarfélagi var mjög áberandi munur milli sveitarfélaganna. Þátttakendur í Höfn í Hornafirði voru lang ánægðastir með aðgengi að menntun en 86% þátttakenda sögðu það gott eða mjög gott. Hornfirðingar töldu helst að hægt væri að sækja fagmenntun eða símenntun til framhaldsskóla á Austurlandi eða til Þekkingarnets Austurlands en Hornfirðingar hafa hvort fyrir sig í sínu sveitarfélagi.

Töluvert á eftir komu Fljótsdalshérað og Fjarðabyggð með 61% og 54%.

Íbúar Fljótsdalshrepps, Breiðdalshrepps og Vopnafjarðar voru síst ánægðir en einungis fimmti hver þátttakandi taldi aðgengið gott eða mjög gott í þeim sveitarfélögum. Einnig er áhugavert að þátttakendur á Seyðisfirði voru ekki sérlega ánægðir með aðgengi að menntun en þó með hæsta hlutfall þeirra sem höfðu sótt sér menntun sl. 2 ár. Ljóst má telja af því að markaður fyrir menntun á Seyðisfirði sé töluverður.


Aðgengi gott eða mjög gott



3.5. Hefur þú þörf fyrir aukna menntun?

Þegar þátttakendur voru spurðir hvort þeir hefðu þörf fyrir aukna menntun mátti sjá að íbúar Fljótsdalshrepps voru með hæst hlutfall eða 91% þátttakenda þar taldi sig hafa þörf fyrir aukna menntun. Þegar spurt er hvers konar menntun fólk hefur þörf fyrir kemur fram að flestir hafa þörf fyrir nám á háskólastigi og sérhæfð námskeið, margir nefndu að þeir hefðu þörf fyrir aukna tölvu/upplýsingatækni. Mörg sveitarfélög voru jöfn með á bilinu 75%-79% hlutfall.

Síst töldu íbúar Breiðdalshrepps (60%) og Vopnafjarðar (63%) sig hafa þörf fyrir aukna menntun.




3.6. Hefurðu sótt þér menntun eða þekkingu síðastliðin 2 ár?

Seyðisfjörður kom best út þegar spurt var um hvort þátttakendur höfðu sótt sér menntun sl. 2 ár. Þar höfðu 73% kvenna og 47% karla sótt sér menntun eða þekkingu síðastliðin tvö ár. Eftirtektavert var að sjá að þar höfðu 10 af 11 einstaklingum í elsta aldurshópnum eða á aldrinum 60-69 ára höfðu sótt sér menntun.

Áberandi lægst hlutfall þátttakenda sem höfðu sótt sér menntun sl. 2 ár voru minni sveitarfélög. Breiðdalshreppur, Djúpavogshreppur og Borgarfjörður voru öll mjög svipuð þar sem u.þ.b. 4 af hverjum 10 höfðu sótt sér menntun. Hugsanlega má útskýra það af því að í þessum sveitarfélögum svaraði mun stærra hlutfall karla en í hinum sveitarfélögum og heilt yfir voru konur mun duglegri að sækja sér menntun sl. 2. ár.

Menntun sl. 2. ár




3.7. Ertu í starfi?

Þátttakendur voru spurðir hvort þeir væru í starfi. Svörun var nokkuð jöfn, fæstir voru í starfi á Seyðisfirði og Borgarfirði. Á Seyðisfirði voru konur í meirihluta ekki í starfi. Algengustu ástæðurnar voru að þátttakendur voru í skóla eða heimavinnandi. Á Borgarfirði var mjög lítið úrtak og 3 af 12 kváðust ekki vera í starfi.

Allir þátttakendur í Fljótshrepp og 90% í Breiðdalshrepp voru í starfi en svörun frá þessum stöðum voru einnig lítil.

Ertu í starfi, já




3.8. Hvaða stöðu gegnir þú innan fyrirtækisins?

Þegar þátttakendur voru spurðir hvaða stöðu þeir gengdu innan síns fyrirtækis kom í ljós að stærsta hlutfall þeirra sem var í stjórnunarstöðu var á Seyðisfirði eða 40% þátttakenda. Sú tala er í samræmi við það stóra hlutfall Seyðfirðinga sem hafa lokið lengra námi en grunnskólaprófi. Stórt hlutfall var einnig á Vopnafirði (33%), Höfn 31% og Djúpavogi 31%.

Í Fljótsdalshrepp voru einungis 13% þátttakenda í stjórnunarstöðu og í Fjarðabyggð voru 16% þátttakenda í stjórnunarstöðu.

Hlutfall þátttakenda í stjórnunarstöðu?



4. Samantekt

Í öllum 9 sveitarfélögunum á Austurlandi bjuggu 7.780 einstaklingar á aldrinum 20-68 ára um það leyti sem kannanirnar voru gerðar. 778 svöruðu könnununum sem er 10% þessa aldurshóps. Af svarendum voru 55% karlar og 45% konur sem er mjög nálægt raunverulegu kynjahlutfalli íbúa Austurlands á þessum aldri sem er 54% karla á móti 46% kvenna.

Þegar þátttakendur voru spurðir hvaða námi þeir hefðu lokið mátti sjá að Borgfirðingar (50%) og íbúar Fljótsdalshrepps (46%) höfðu í stærstum mæli einungis lokið grunnskólaprófi. 40% íbúa Breiðdalshrepps höfðu ekki lokið meira námi og 37% Vopnfirðinga. Töluvert samræmi var milli stærðar sveitarfélagsins og hversu miklu námi þátttakendur hefðu lokið, þ.e. íbúar frá fámennari sveitarfélögum höfðu lokið styttra námi.

Íbúar Seyðisfjarðar komu best út úr þessum hluta kannanirnar, 78% íbúa hafði lokið lengra námi en grunnskólanámi. 75% íbúa Fljótsdalshéraðs hefur lokið lengra námi og 72% íbúa Fjarðabyggðar hefur lokið lengra námi.

Seyðfirðingar komu einnig best út þegar spurt var út í hvort þátttakendur hefðu lokið einhverskonar háskólanámi en 32% Seyðfirðinga höfðu gert það. 28% íbúa Fljótsdalshéraðs og 27% íbúa Hafnar í Hornafirði höfðu lokið háskólanámi. Borgfirðingar (8%) og íbúar Fljótsdalshrepps (9%) höfðu í minnsta mæli lokið háskólanámi.

Á Höfn í Hornafirði virðast íbúar vera langsamlega ánægðastir með aðgengi að menntun í sínu sveitarfélagi. 86% Hafnarbúa sögðu aðgengi gott eða mjög gott. Næst komu íbúar Fljótsdalshéraðs (61%), íbúar Fjarðabyggðar (54%). Allir þessir staðir hafa framhaldsskóla og starfsstöð þekkingarnets í sínu sveitarfélagi.

Minnsta ánægja með aðgengi að menntun var í Fljótsdalshrepp (18%), Breiðdalshrepp (20%) og Vopnafirði (21%).

Íbúar Fljótsdalshrepps töldu sig helst hafa þörf fyrir aukna menntun eða (91%) þátttakenda en íbúar Breiðdalshrepps (60%) og Vopnafjarðar (63%) töldu sig síst hafa þörf fyrir aukna menntun.

Seyðfirðingar (63%), Hafnarbúar (58%) og Vopnfirðingar (58%) höfðu sótt sér menntun eða þekkingu í mestum mæli síðastliðin 2 ár en íbúar Djúpavogs (39%) og Breiðdalshrepps (40%) höfðu í minnstum mæli sótt sér menntun.

40% Seyðfirðinga sem svaraði könnuninni kvaðst vera í stjórnunarstöðu í sínum fyrirtækjum og 33% Vopnfirðinga. Lægsta hlutfall fólks í stjórnunarstöðum var í Fljótsdalshreppi (13%) og í Fjarðabyggð (16%).

Sé skýrslan skoðuð í heild vekur eftirtekt munur á menntun og viðhorfi til menntunar með tilliti til stærðar sveitarfélaganna, minni sveitarfélögin eru með lægra menntunarstig og sækja sér menntun í mun minni mæli. Sérlega mikil ánægja Hornfirðinga með aðgengi að menntun og hátt menntunarstig Seyðfirðinga vekur sömuleiðis eftirtekt.

LOKAORÐ

Af helstu niðurstöðum úr þeim þremur könnunum sem hér hefur verið fjallað um má sjá að góður árangur hefur náðst með starfsemi þekkingarnets Austurlands (ÞNA) síðustu ár sem og fyrirrennara stofnunarinnar Fræðsluneti Austurlands (FNA) sem stofnað var árið 1998. Starfsemi af þessu tagi hefur því verið rekin á Austurlandi í tæp tólf ár og vaxið jafnt og þétt á þeim tíma eða frá einum starfsmanni á einni starfsstöð í 15 starfsmenn á 5 starfsstöðvum.

Þessi þróun hefur byggst á nánú samstarfi við sveitarfélögin, framhaldsskólana, háskólana og atvinnulífið samhliða markvissri þróun á fullorðinsfræðslu í landinu samanber ný framhaldsfræðslulög sem taka gildi 1. október 2010. Þá hefur framboð á háskólanámi aukist en skort hefur á markvissa stefnumótun á þeim vettvangi, eitthvað sem vonir standa til að breyta með þróun og uppbyggingu samstarfsnets háskólastigsins. Með tilkomu samstarfsnetsins aukast jafnframt möguleikar Austfirðinga á að byggja upp staðbundið nám í tengslum við sérstöðu svæðisins, mannauð og þekkingu á Austurlandi.

Það er von stjórnar og starfsmanna þekkingarnetsins að í framtíðinni megi enn efla þá starfsemi sem stofnunin hefur leitast við að byggja upp síðasta áratuginn til hagsbóta fyrir bæði Austfirðinga og landsmenn alla.

Þorvaldur Jóhannsson, formaður stjórnar þekkingarnets Austurlands

VIÐAUKAR

Spurningalistar

1.

Könnun á viðhorfum fjarnema í háskólanámi til þjónustu Þekkingarnets Austurlands



*** Þátttakandi er:**

- ☐ Karl
- ☐ Kona

*** Aldur:**

- ☐ 20 - 29 ára
- ☐ 30 - 39 ára
- ☐ 40 - 49 ára
- ☐ 50 - 59 ára
- ☐ 60 - 69 ára

*** Hefur þú nýtt þér þjónustu Þekkingarnets Austurlands síðastliðin 5 ár?**

- ☐ Já
- ☐ Nei

Ef þú hefur nýtt þér þjónustu Þekkingarnets Austurlands, hvaða starfsstöð hefurðu nýtt þér? (Má haka í fleiri en eitt)

- ☐ Vopnafjörður
- ☐ Egilsstaðir
- ☐ Neskaupsstaður
- ☐ Reyðarfjörður

- ☐ Höfn í Hornafirði

*** Hvar fréttirðu af þekkingarnetinu?**

- ☐ Frá vini/kunningja?
- ☐ Í auglýsingu
- ☐ Bæklingur frá þekkingarnetinu
- ☐ Upplýsingar frá mínum Háskóla
- ☐ Internetinu
- ☐ Annað

Ef þú hefur nýtt þér þjónustu þekkingarnets Austurlands, hvaða þjónustu nýttirðu þér? (Má haka í fleiri en einn reit)

- ☐ Próftaka
- ☐ Fjarfundir
- ☐ Vinnuaðstaða, einstaklings/hópavinna
- ☐ Námsráðgjöf
- ☐ Aðstoð vegna verkefnavinnu
- ☐ Annað

*** Hefðir þú áhuga á að hægt væri að nýta þjónustu þekkingarnetsins betur með: (Má haka við fleiri en eitt svar)**

- ☐ Nota fjarfundabúnað
- ☐ Komu kennara á staðinn
- ☐ Aðgengi að aðstoðarkennara(t.d. dæmakennara) á Austurlandi
- ☐ Markvissari svæðisbundin hópvinna
- ☐ Nei, ég hefði ekki áhuga á því
- ☐ Annað

Ef þú hefur nýtt þér þjónustu þekkingarnetsins, ertu ánægður með aðbúnaðinn?

- ☐ Já

- ☐ ☐ Nei, hvað mætti bæta?

Ef þú hefur nýtt þér þjónustu Þekkingarnets Austurlands, hversu ánægð/ur ertu með þjónustuna?

- ☐ ☐ Mjög ánægð/ur
☐ ☐ Ánægð/ur
☐ ☐ Hlutlaus
☐ ☐ Óánægð/ur
☐ ☐ Mjög óánægð/ur

• Hversu sýnilegt finnst þér Þekkingarnet Austurlands vera?

- ☐ ☐ Mjög sýnilegt
☐ ☐ Frekar sýnilegt
☐ ☐ Hlutlaus
☐ ☐ Frekar lítið sýnilegt
☐ ☐ Mjög lítið sýnilegt

• Hversu mikilvæga telur þú starfsemi Þekkingarnets Austurlands til að þú getir stundað nám?

- ☐ ☐ Mjög mikilvæga
☐ ☐ Frekar mikilvæga
☐ ☐ Hlutlaus
☐ ☐ Ekki mikilvæga
☐ ☐ Alls ekki mikilvæga

Hversu líklegt telurðu að þú munir nýta þér þjónustuna síðar?

- ☐ ☐ Mjög líklegt
☐ ☐ Frekar líklegt
☐ ☐ Hlutlaus
☐ ☐ Ólíklegt
☐ ☐ Mjög ólíklegt

2.

**Könnun á viðhorfum forstöðumanna
fyrirtækja á Austurlandi**



*** Þátttakandi er:**

☐

Karl

☐

Kona

*** Fæðingarár:**

*** Hvaða námi hefur þú lokið? (Aðeins má haka við eitt svar)**

- ☐ Grunnskólaprófi
- ☐ Stúdentsprófi
- ☐ Styttra framhaldsskólanámi
- ☐ Iðnnámi
- ☐ Háskólanámi (BS eða BA gráða)
- ☐ Styttra háskólanámi
- ☐ Meistara- eða doktorsnám
- ☐ Annað nám, hvaða?

*** Í hvaða starfsgrein er þitt fyrirtæki?**

- ☐ Fjölmíðlun og samskipti
- ☐ Heilbrigðisþjónusta og umönnun
- ☐ Iðnaður, landbúnaður og verktaka
- ☐ Íþróttir, tómstunda- og félagsmál

- ☐ Kennsla og rannsóknir
- ☐ Sjómennska og fiskvinnsla
- ☐ Stjórnun og skrifstofustörf
- ☐ Tækni- og sérfræðistörf
- ☐ Tölvur og upplýsingatækni
- ☐ Verslun og þjónusta
- ☐ Annað

• Hvar telur þú að þitt fyrirtæki geti sótt fagmenntun og símenntun fyrir starfsfólkið? (Má haka við fleiri en eitt svar)

- ☐ ☐ Í framhaldsskóla á svæðinu
- ☐ ☐ Fjarnám á framhaldsskólastigi
- ☐ ☐ Til Þekkingarnets Austurlands
- ☐ ☐ Fjarnám á háskólastigi
- ☐ ☐ Til Endurmenntunar Háskóla Íslands
- ☐ ☐ Ekki mögulegt að sækja fagmenntun eða símenntun
- ☐ ☐ Veit ekki
- ☐ ☐ Annað

• Hefur fyrirtæki þitt átt samstarf við Þekkingarnet Austurlands um námskeið síðastliðin tvö ár?

- ☐ Nei
- ☐ Já, hvaða?

• Hefur fyrirtæki þitt fræðslustefnu?

- ☐ Nei
- ☐ Já, í hverju er hún fólgin í stuttu máli?

• Hversu ánægð/ur ertu með starfsemi Þekkingarnets Austurlands?

- ☐ Mjög ánægð/ur
- ☐ Ánægð/ur

- ☐ Hlutlaus
- ☐ Óánægð/ur
- ☐ Mjög óánægð/ur

*** Hversu sýnilegt finnst þér þekkingarnet Austurlands?**

- ☐ Mjög sýnilegt
- ☐ Sýnilegt
- ☐ Hlutlaus
- ☐ Lítið sýnilegt
- ☐ Mjög lítið sýnilegt

*** Hversu ánægð/ur ertu með námsframboð frá þekkingarnetinu?**

- ☐ Mjög ánægð/ur
- ☐ Ánægð/ur
- ☐ Hlutlaus
- ☐ Óánægð/ur
- ☐ Mjög óánægð/ur

*** Hversu vel hefur þjónusta þekkingarnets Austurlands nýst þér?**

- ☐ Mjög vel
- ☐ Vel
- ☐ Hlutlaus
- ☐ Ekki vel
- ☐ Mjög illa
- ☐ Hef ekki nýtt mér þjónustuna

*** Hversu mikilvægt telur þú þekkingarnet Austurlands vera fyrir samfélagið í þínu sveitarfélagi?**

- ☐ Mjög mikilvægt
- ☐ Frekar mikilvægt
- ☐ Hlutlaus
- ☐ Ekki mikilvægt

☐ ☐ Alls ekki mikilvægt

*** Er innan þíns fyrirtækis aðstaða eða mannauður sem hægt væri að nýta til kennslu?**

☐ ☐ Nei

☐ ☐ Já, hvernig?

Hvaða menntun telur þú að vanti helst í þínu fyrirtæki?

☐ ☐ Háskólamenntun

☐ ☐ Framhaldsnám á háskólastigi

☐ ☐ Símenntun á háskólastigi

☐ ☐ Grunn nám á framhaldsskólastigi

☐ ☐ Iðnmenntun

☐ ☐ Stjórnunar- eða viðskiptamenntun

☐ ☐ Tölvumenntun

☐ ☐ Tungumálamenntun

☐ ☐ Aðra menntun, hvaða?

3.



Könnun meðal einstaklinga á Austurlandi

Markmið með könnuninni er að afla upplýsinga um þörf fyrir menntun og fræðslu í fyrirtækjum, stofnunum og meðal einstaklinga á Austurlandi. Meðfylgjandi er spurningalisti þar sem einstaklingar eru beðnir um að svara spurningum um óskir og þörf fyrir menntun og fræðslu. Könnunin er nafnlaus og við úrvinnslu gagna verður þess gætt að svör verði ekki rakin til einstaklinga. Persónuvernd hefur verið kynnt þessi könnun.

Upplýsingar skráðar fyrirfram:

Þátttakandi er: () karl () kona

Búsett í: () dreifbýli () þéttbýli

Fæðingarár: _____

1. Hvaða námi hefur þú lokið? (Aðeins má haka við eitt svar)

- () Grunnskólaprófi
- () Stúdentsprófi
- () Styttra framhaldsskólanámi
- () Iðnnámi
- () Háskólanámi (BS eða BA gráða)
- () Styttra háskólanámi
- () Meistara- eða doktorsnám
- () Annað nám, hvaða? _____

2. Hvar telur þú þig geta sótt þér fagmenntun og símenntun? (Má haka við fleiri en eitt svar)

- () Í Framhaldsskóla á Austurlandi
- () Fjarnám á framhaldsskólastigi
- () Til þekkingarnets Austurlands
- () Fjarnám á háskólastigi
- () Til Endurmenntunar HÍ
- () Get ekki sótt mér fagmenntun eða símenntun
- () Veit ekki
- () Annað: _____

3. Ég tel aðgengi að menntun og fræðslu í mínu sveitarfélagi sé:

- () mjög gott () gott () viðunandi () ófullnægjandi () lélegt

4. Hefur þú aflað þér menntunar og þekkingar á síðast liðnum 2 árum:

- () Já, hvaða? _____
- () Nei, hvers vegna ekki? _____

5. Hefur þú þörf fyrir aukna menntun eða þekkingu?

- () Já
- 5.a Ef já, hvernig þekkingu? _____

5.b Ef já, hvernig viltu auka þekkingu þína? **(Má haka við fleiri en eitt svar)**

- () með fræðslu innan fyrirtækis
- () með sérhæfðu námskeiði
- () með námi á framhaldsskólastigi
- () með háskólanámi
- () með símenntunarnámskeiði
- () með tómstundanámi

() á annan hátt, hvernig_____

() Nei, hvers vegna ekki?

6. Ert þú í starfi um þessar mundir?

() Já

6.a Ef já, við hvað starfarðu?

() Nei

6.b Ef nei, hver er ástæðan?

() atvinnulaus

() öryrki

() ellilífeyrisþegi

() í skóla

() heimavinnandi

() annað _____

Síðasta spurning fyrir þá sem svara nei, takk fyrir þátttökuna!

Næstu spurningar eru bara fyrir þá sem eru í starfi:

7. Hefur þú áhuga á að skipta um starf og mennta þig til annars starfs en þú gegnir nú?

() Já, hvaða starf?_____ hvaða
menntun?_____

8. Hvaða starfi gegnir þú innan fyrirtækisins?

() almennur starfsmaður () millistjórnandi eða skrifstofumaður ()
stjórnandi

VIÐ ÞÖKKUM KÆRLEGA FYRIR ÞÁTTTÖKUNA!

